Reykjavík, 29. október 2026
FAS26100009

Borgarráð

Tillaga um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2027

Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2027 verði eftirfarandi:

Viðmiðunartekjur

I. Réttur til 100% lækkunar
Einstaklingur með tekjur allt að 6.310.000 kr.
Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 8.790.000 kr.

II. Réttur til 80% lækkunar
Einstaklingur með tekjur á bilinu 6.310.001 til 7.220.000 kr.
Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 8.790.001 til 9.750.000 kr.

III. Réttur til 50% lækkunar
Einstaklingur með tekjur á bilinu 7.220.001 til 8.390.000 kr.
Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 9.750.001 til 11.660.000 kr.

Lagt er til að skilyrði lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds fari eftir reglum Reykjavíkurborgar um afslátt af fasteignagjöldum eins þær eru á hverjum tíma.

Greinargerð:

Hækkun bóta almannatrygginga á árinu 2026 var 5,2% og er lagt til að hækka viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega um sama hlutfall. Áætlaður kostnaður vegna þessarar tillögu á árinu 2027 nemur 660 milljónum króna og rúmast hann innan fjárheimilda samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun 2027.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Reykjavík